

## **Skólaráð Hlíðaskóla**

### **Fundur haldinn 7.1.2022 kl. 8:00 (fjarfundur)**

Viðstaddir: Berglind Stefánsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir og Brynja Blumenstein.

Fundarritun: Svanhildur Þorsteinsdóttir.

Táknmálstúlkur.

#### **Dagskrá**

##### **1. Skýrsla starfshóps um Vörðuskóla**

Þar sem þónokkra skólaráðsmeðlimi vantar á fundinn er rétt að fresta umræðum um skýrslu starfshóps um Vörðuskóla þar til á næsta fundi. Stefnt að því að halda sérstakan skólaráðsfund um þetta eina mál eftir tvær vikur (21. janúar kl.8). Reynum að halda staðfund ef staðan í Covid málum leyfir.

Berglind mun senda slóð á kynningarfund sem haldinn var vegna málsins. Kanna þarf hvort stjórn foreldrafélagsins hefur rætt málið.

##### **2. Skólaráðsfundir fram að vori**

Stefnum að því að hafa skólaráðsfundi síðasta föstudag hvers mánaðar fram að skólaslitum. Höldum okkur við að funda kl. 8.

##### **3. Bólusetningar 1.- 7. bekk**

Bólusetningar við covid hefjast í næstu viku. Til stóð að bólusetja innan skólanna en þau áform hafa breyst vegna persónuverndarsjónarmiða og fer bólusetningin fram í Laugardalshöll. Kennt verður til kl.11 á bólusetningardegi. Frístund opnar á sama tíma og vanalega. Heilsugæslan mun senda foreldrum póst vegna bólusetningarinnar von bráðar.

##### **4. Næsti fundur**

Föstudaginn 21. janúar kl.8 og verður fundarefnið umsögn um skýrslu starfshóps um Vörðuskóla.

Fundi slitið kl. 8:20